Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu* **um reikningsár alþýðuskólans og gagnfræðaskólans í Flensborg.** — Í þóknanlegu brjefi dagsettu 18. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, beiðzt úrlausnar minnar um það, hvort reikningur alþýðuskólans og gagnfræðaskólans í Flensborg, sem fyrirskipað er í 2. gr. í reglugjörð skólans frá 21. júlímán. f. á. að semja skuli árlega og senda landshöfðingja, eigi eptirleiðis að ná yfir hvert almanaksár eða hvert fardagaár. 15 13. febr.

Út af þessu læt jeg ekki hjá líða hjer með þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, að samkvæmt því almenna fyrirkomulagi, sem nú er á reikningamálum, ber að semja ársreikninga alþýðuskólans og gagnfræðaskólans í Flensborg fyrir almanaksárið, og að reikningur sá, sem um er rætt í brjefi mínu frá 29. desember f. á., þess vegna á að ná yfir árið frá 1. janúar til 31. desember 1882.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um tilkall landssjóðsins til hvalreka á Ánastaða- og Skarðsfjörum.** — Með þóknanlegu brjefi 8. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hinum setta umboðsmanni Þingeyraklausturs, þar sem hann ber upp þá fyrirspurn, hvort hann fyrir hönd landssjóðsins eigi að gjöra tilkall til $^1/_8$ hluta af þeim 32 hvölum, sem á síðast liðnu vori rak á land á Ánastaða fjörum í Kirkjuhvammshreppi, og sem eigendur og ábúendur tjeðrar jarðar og eigendur hinnar fornu hjáleigu Skarðs tóku undir sig og komu til verðs sem sinni eign. Skýrslur þær, sem nefndur umboðsmaður hefir gefið um þetta málefni, bera með sjer, að Þingeyraklaustur samkvæmt rekaskrám sínum og hinu löggilta Sigurðarregistri á «í Skarði helming í hval við landmann», að Skarð aptur er hjáleiga frá Ánastöðum, og að jarðir þessar hafa átt saman óskipt land og hlunnindi allt þangað til eigendurnir 2. júní 1868 komu sjer saman um að setja landamerki milli jarðanna, en þó þannig, að ef hvalreka eða önnur stórhöpp skyldi að landi bera, þá skyldi hver jörðin fyrir sig njóta rjettar síns að rjettri tiltölu eptir dýrleika, á hvorrar jarðar land sem rekann bæri. Eptir jarðabókinni frá 1861 eru Ánastaðir metnir 24,$_{18}$ hndr. en Skarð 8,$_{16}$ hndr. og samkvæmt því hafa eigendur Skarðs tekið til sín $^1/_4$ af hinum áminnstu 32 hvölum, en hafa neitað að láta neitt af andvirði hvalanna af hendi, þegar hlutaðeigandi umboðsmaður gjörði tilkall til þess fyrir hönd landssjóðsins 16 14. febr.

Með því að það þannig er upplýst, að landssjóður eigi hálfan hvalreka á Skarði, en Skarð aptur—án alls tillits til samnings þess um landsmerki milli jarðanna, sem gjörður var 2. júní 1868 og sem er landssjóði óviðkomandi—eptir jarðarmegni eigi fjórðung af öllum hvalreka á sameiginlegt land Ánastaða og Skarðs, vil jeg fela yður, herra amtmaður, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til, að tilkalli landssjóðsins til $^1/_8$ hluta úr hvölum þeim, sem ráku á Ánastaða-fjöru vorið 1882, verði fram fylgt með lögsókn á hendur eigendum Ánastaða og Skarðs.